

Reglugerð fyrir Heilsuleikskólann Kærabæ á Kirkjubæjarklaustri

1.gr.

Fræðslunefnd Skaftárhrepps fer með málefni leikskólans skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008.

2.gr

Leikskólastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri leikskólans og er faglegur stjórnandi hans.

3.gr

Leikskólinn er rekinn af Skaftárhreppi og er fyrir öll börn í hreppnum á aldrinum eins til fimm ára. Börn utan Skaftárhrepps fá leikskólarymi ef fyrir liggur samþykki frá sveitarfélagi því sem barnið á lögheimili í, um greiðslu kostnaðarluta sveitarfélagsins, og ef rými er fyrir hendi.

4.gr

Eitt leikskólarymi er 40 stundir á viku. Hægt er að fá hluta af leikskólarymi allt niður í 20 stundir á viku að meðaltali. Þá er ætlast til að börnin hafi fyrirfram ákveðinn dvalartíma og nýti rýmið í a.m.k. tvo til þrjá mánuði. Uppsagnarfrestur er einn mánuður.

5.gr

Leikskólagjöld eru ákveðin af sveitarstjórn að fengnum tillögum leikskólastjóra og fræðslunefndar. Veittur er 30% systkinaafsláttur af leikskólagjöldum fyrir annað barn, 75% fyrir þriðja barn og 100% fyrir fjórða barnið.

Veittur er 40 % afsláttur af leikskólagjöldum fyrir börn einstæða foreldra. Þjónustugjald fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur sem barn dvelur umfram skráðan dvalartíma er skv. gjaldskrá.

Leikskólagjöld skulu greidd mánaðarlega eftirá og annast skrifstofa Skaftárhrepps innheimtu þeirra. Gjaldskráin tekur breytingum miðað við vísitölu neysliverðs og skal reiknuð út 1. janúar og 1. júlí ár hvert. Fullt fæðisgjald er fyrir eitt leikskólarymi.

6.gr

Leikskólinn er lokaður í fimm vikur á hverju sumri, á tímabilinu 15. júní - 15 ágúst.

Í sumarleyfi barnanna eru leikskólagjöld felld niður, en ekki í öðrum leyfum s.s vetrarleyfum foreldra.

7.gr

Reglugerð þessi er samþykkt á fundi hjá sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 13. desember 2018.

*F.h. sveitarstjórnar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.*